

Alþingi  
Erindi nr. P 136/261  
komudagur 28.11. 2008

Til Sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar Alþingis.  
Frá stjórn Samtaka fiskframleiðenda og útflytjenda, SFÚ

Reykjavík 24. nóv. 2008

Efni : Umsögn um frumvarp um breytingar á lögum nr 57 frá 3. júní 1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, 120 mál.

Í frumvarpinu segir m.a. að "Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á fiskmarkaði erlendis sem ekki hefur verið vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal útgerð og skipstjóri fiskiskips tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar eða skip fer af miðum, sigli fiskiskip með eigin afla.

Útgerð skal einnig upplýsa hvaða lámaksverðs er krafist fyrir aflann. Upplýsingar þessar skulu birtast á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla þar sem aflinn skal boðinn upp. Ráðherra skal kveða á um uppboðsskilmála og framkvæmd uppboðs í reglugerð"

Þessi texti er mjög óljós og þar er látið hjá líða að setja ákvæði um mjög mikilvæg framkvæmdaratriði sem sköpum skipta og varða yfirlýstan tilgang fyrirhugaðra lagabreytinga, um bætt aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að hráefni.

Skulu hér aðeins settar fram örfáar spurningar þessu til áréttingar:

1. Gildir krafa útgerðar um lámaksverð til birtingar á uppboðsvef aðeins gagnvart innlendum fiskkaupendum en ekki erlendum einnig ?
2. Hvaða skilyrði þurfa að vera fyrir hendi til þess að skylt sé að bjóða aflann upp á íslenskum fiskmarkaði ?
3. Ef tiltekinn kaupandi eða kaupendur gera boð í allt tiltekið aflamagn yfir lámaksverði er þá gert ráð fyrir að þeir telist sjálfkrafa kaupendur aflans eða fer hann þrátt fyrir það á uppboð?
4. Hvað ef boð yfir lámaksverði bjóðast í hluta, tiltekins afla en ekki hann allann ?
5. Er gert ráð fyrir að settar verði einhverjar viðmiðunarreglur varðandi ákvörðun um lámaksverð sem krafist er eða mun útgerðin hafa frjálssar hendur um það.
6. Verður útgerðum gert skylt að gefa upplýsingar um söluverð afla erlendis og er ætlunin að birta þær upplýsingar.
7. Hver eru rökkin fyrir því að undanskilja afla sem búið er að fullvigta á Íslandi. Hversvegna gilda ekki sömu skilmálar um allann afla sem ætlunin er að selja á uppboðsmarkaði

Umsögn SFÚ

Í frumvarpið vantar mikilvæga skilmála sem með réttu ætti að lögbinda til þess að lögin geti þjónað yfirlýstum tilgangi sínum um bætt aðgengi íslenskrar fiskvinnslu að óunnu hráefni, sem afar mikilvægt er að ná fram að ganga.

Því er brýnt að bætt verði úr þeim ágöllum þannig að í lögnum verði skýr ákvæði um framkvæmd þeirra. Að mati SFÚ sé ekki æskilegt að setja svo mikilvæg framkvæmdaatriði í regiugerð, eins og gert er ráð fyrir, heldur ættu þau að vera bundin í lögnum sjálfum.

Samtök fiskframleiðenda og útflytjenda leggst því gegn ofangreindu frumvarpi eins og það nú liggur fyrir.

Jafnframt beinir SFÚ þeirri áskorun til hæstvirktrar sjávarútvegs og landbúnaðarnefndar að hún hlutist til um nauðsynlegar lagabreytingar þannig að skylt verði að allur óunninn afli úr íslenskum fiskiskipum, sem ráðstafa á til sölu á markaði, verði seldur hæstbjóðanda á innlendum fiskmörkuðum. Aðeins með því móti er tryggt að aflinn skili hámarksarðsemi í íslenskt þjóðarbú.

Virðingafyllt  
F.h. stjórnar SFÚ

Jón Stein Aronsson.

Svar við frumvarpi vegna lagabreytingu.

Um breytingar á lögum nr. 57, 3. Júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, sem lagt verður til Alþingis á 136 löggjafarþingi 2008-2009.

SFÚ óskar eftir að allur afli sem veiddur er í íslenski lögsögu verði seldur á Íslenskum fiskmarkaði. Erlendir fiskkaupendur hafa aðgang að þeim markaði eins og íslenskir fiskkaupendur.

Öll viðskipti við fiskmarkaði fara fram í gegn um internetið. Varðandi framkvæmd, vigtun og aðra útfærslu geta fiskmarkaðir annast.

Fiskframleiðendur innan SFÚ telja eðlilegast að allur fiskur verði seldur og vigtaður á Íslandi, að öðrum kosti verði beitt 10% álagi á þann fisk sem ekki er vigtaður og seldur í gegn um viðurkenndan fiskmarkað. Álagið er til þess að mæta rýrnun sem verður frá löndun að vigtun í erlendri höfn. Eftir að 10% álagi var afnumið hefur orðið stórfelld aukning á óunnum fiski úr landi, þetta hefur Fiskistofa staðfest. Það hlýtur að vera eðlileg krafa hjá íslenskum fiskframleiðendum að fiskur sem veiddur er á Íslandsmiðum, sé til boða fyrir íslenskar fiskvinnslur og þær hafi möguleika á að bjóða í þann fisk.

Nú þegar er komin góð reynsla á íslenska fiskmarkaði og hafa þeir starfað í meira en 20 ár. Til að annast þessi viðskipti bæði í fjarskiptum og á gólfi. Öll stærstu sjávarútvegsfyrirtæki landsins eiga viðskipti við fiskmarkaði. Teljum við í SFÚ eðlilegt að fiskmarkaðir setji lágmarksverð en ekki útgerðaraðilar. Útgerðaraðilar geta keypt þennan fisk ef þeir eru ekki sáttir við verðið sem hann er seldur á. Það geta þeir hins vegar ekki gert þegar fiskurinn er komin á erlenda grund. Með því að tryggja öllum sem uppfylla ábyrgðir fiskmarkaðanna þá sitja allir fiskkaupendur við sama borð og þeim mestu samkeppnishömlun sem verið hefur á þessum markaði eytt.

Reykjavík 22. Nóvember 2008

Stjórn SFÚ



Jón Steinn Elíasson formaður

Fiskislóð 65, 101 Reykjavík